



2.hæð hússins í Fellsmúla 26

Almenna verkfræðistofan kaupir 2. hæð í Fellsmúlanum

Almenna verkfræðistofan sem staðsett er í Fellsmúla 26 keypti nýlega 2.hæð hússins en hún var í eigu Ungmennafélags Íslands.

Arkitektastofa Benjamins Magnússonar sem hannaði á sínum tíma 4.hæðina fyrir AV, fékk það hlutverk að hanna endurgerð hæðarinnar en TVT verktakar sáu um framkvæmd verksins.



á framkvæmdatíma

Framkvæmdir hófust í janúar sl. og lauk nú á vordögum. Verkefnastjórnunarsvið og Umhverfissvið hafa flutt sig um set og komið sér vel fyrir á nýju hæðinni. Fyrirtækið hefur verið í örum vexti undanfarin ár og var því nýja hæðin kærkomin viðbót en í dag starfa á milli 80 og 90 manns hjá fyrirtækinu.



Í tilefni að opnun 2.hæðar mætti Grillvagninn í Fellsmúlann, 1. júní sl. og grillaði hamborgara fyrir starfsmenn sem voru kátir með uppátækið.



Bruninn við Lækjargötu

Vátryggingarfélag Íslands hefur falið Almennu verkfræðistofunni að meta það tjón sem hlaut af bruna í miðbæ Reykjavíkur þann 18. apríl síðastliðinn. Húsin sem brunnu voru Austurstræti 22, byggt 1801 og Lækjargata 2, byggt 1852. Matið er framkvæmt í samræmi við lög um brunatryggingar nr. 48 frá árinu 1994 og miðar við að endurbygging verði framkvæmd í samræmi við núgildandi kröfur í byggingarreglugerð.



Mat á byggingarkostnaði á Íslandi.

Almenna verkfræðistofan hefur unnið mat á byggingarkostnaði átta gerða af mannvirkjum fyrir Hagstofu Íslands. Um er að ræða samstarfsverkefni Hagstofunnar og annarra þjóða á Evrópska efnahagssvæðinu á vegum EUROSTAT (evrópska tölfræðistofnunin) um söfnum tölfræðilegra upplýsinga um byggingarkostnað. Fram til þessa hefur Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins séð um gerð matsins fyrir Íslands hönd en að þessu sinni hefur Hagstofan leitað til Almennu.

Matið fór þannig fram að EUROSTAT

gaf út magnskrá fyrir mannvirkin með verklýsingum og uppdráttum og var hverjum verkþætti gefin einingarverð í íslenskum krónum. Mannvirkin sem metin voru eru: Einbýlishús, íbúðarblokk með 48 íbúðum, fimm hæða skrifstofubygging, 6500 fm. iðnaðarhúsnæði, geymsluskýli fyrir bújarðir, brú á mislægum gatnamótum, malbikaður vegur og 600 metra langt ræsi, 1 metri að þvermáli.

Niðurstöður matsins verða birtar á heimasíðu EUROSTAT innan tíðar.



Sæmundarskóli

Annar grunnskóli Grafarholts, Sæmundarskóli, er nú rekinn í bráðabirgðahúsnæði eða færanlegum kennslustofum í sérlega fallegu umhverfi við Reynisvatn. Hugmyndafræðin á bakvið kennslu í Sæmundarskóla er sú sama og í Ingunnarskóla í Grafarholti. Reykjavíkurborg hefur nú ákveðið að reisa nýtt húsnæði utan um starfsemina, sem verður því hvað varðar skipulag ekki ólíkt skipulagi Ingunnarskóla. Ráðgert er að útboðsgögn verði tilbúin í byrjun desember 2007, en jarðvinna verði boðin út sérstaklega nokkru fyrr. Hönnuðir Ingunnarskóla hafa verið ráðnir til verksins og mun Almenna verkfræðistofan sjá um jarðtækni, burðarþöls- og lagna- og loftfræsihönnun.



Kirkja í Grafarholti

Sóknarnefnd Grafarholtssóknar efndi til hönnunarsamkeppni og alútboðs í desember á síðasta ári. Hlutskörpust varð tillaga SS Verktaka h.f. ásamt hönnunarteymi Arkþings, Trivium, Landhönnunar, Fagtækni og Almennu verkfræðistofunnar. Sérstaka athygli vöktu altarisgarðar undir berum himni og tilheyrandi vatnsspegill með krossi.

Almenna verkfræðistofan mun annast burðarþols- og lagnahönnun. Kirkjan er alls um 750m² að flatarmáli.

Framkvæmdir munu hefjast í júlí á þessu ári og verklok eru 1.október 2008.



Endurnýjun á veitukerfum

Eins og undanfarin ár hefur Almenna verkfræðistofan haft umsjón með „endurnýjunarverkum“ fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur, Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar og Milu. Um er að ræða verk þar sem veitur, ljósastaurar og gangstéttar eru endurnýjaðar í eldri hverfum borgarinnar. Viðkomandi veitustofnanir sjá sér hag í því að sameinast í endurnýjun þar sem kostnaður minnkar umtalsvert við þá hagræðingu sem hlýst af því að deila kostnaði á skurðgreftri, hver stofnun borgar þá í hlutfalli við það pláss sem hún tekur í skurði. Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hefur þann ávinning að veiturnar bera hluta af kostnaði á gangstétt samkvæmt stéttarmati sem framkvæmt er á stéttum áður en verkið hefst.

Þjónustan sem Almenna veitir í þessum verkum er að nokkru leiti ólík hefðbundnum eftirlitsverkum en stærstur hluti af þjónustunni fellst í samskiptum við íbúa og skiptingu á kostnaði milli

verkkaupa. Viðkomandi kostnaðarskipting getur orðið ansi fyrirferðamikil þegar það þarf t.d. að skipta kostnaði á einni ökuþrú milli fjögurra verkkaupa en að auki þarf að deila kostnaði Orkuveitunnar niður á milli hitaveitu, vatnsveitu og rafveitu.

Endurnýjunin er nokkuð svæðisbundin en endurnýjun á hverfum tekur oft nokkur ár þar sem reynt er að halda verkaföngum innan ákveðinnar stærðar. Sumarið 2006 og 2007 hefur Almenna verkfræðistofan verið með umsjón á verkum í Seljahverfi, Skógahverfi og Heimunum. Í ár eru það Hlé- og Ljárskógar, Strýtu- og Stúfset og Glað- og Goðheimar sem unnið er í.

Sumarstarfsmenn

Í sumar koma til starfa þó nokkrir námsmenn en við erum svo lánsöm að fá að njóta krafta þeirra á meðan skólarin eru í frii. Á Verkefnastjórnunarsviði eru þegar komnir til starfa **Pálmi Þór Sævarsson**, B.Sc. nemi í byggingatækni frá HR, **Pétur Halldórsson**, B.Sc. nemi í byggingatækni frá HR og **Birgir Eliasson** B.Sc. nemi í hátækniverkfræði frá HR.

Á Innra þjónustusviði kom til starfa **Hulda S. Sigurðardóttir**, framhaldsskólannemi frá VÍ.



Starfsmannafélagið STAV

STAV hélt á vordögum uppá síðasta vetrardag og bauð uppá osta og með því. Hljómsveit hússins spilaði nokkur lög með nýjum meðlimi í fararbroddi en Melkorka Matthíasdóttir ku vera nýr forsöngvari hljómsveitarinnar. Innan hússbandið telur nú 5 meðlimi en það þykir nokkuð gott af verkfræðistofu að vera.

Föstudaginn 11. maí sl. bauð STAV félagsmönnum upp á fuglaskoðun um Hlíðsnes á Álftanesi. Guðmundur A. Guðmundsson fuglafræðingur frá Náttúrufræðistofnun leiddi hópinn á vit fuglanna og sagði starfsmönnum frá rannsóknum sínum.

Að göngu lokinni bauð STAV upp á veitingar sem voru vel þegar af starfsmönnum.

STAV verður í sumarfríi í júlí en tekur upp þráðinn aftur í ágúst.

NÝIR STARFSMENN



Jens K. Bernharðsson

er með B.Sc. próf í byggingafræði frá Vítus Bering í Danmörku. Jens hóf störf á Verkefnastjórnunarsviði í byrjun apríl sl.

Hans helstu verkefni verða við áætlanagerð og matsstörf.



Magnea Huld Ingólfssdóttir

er með M.Sc. gráðu í jarðtækni frá University of Washington, Bandaríkjunum.

Magnea hóf störf í apríl sl. á Virkjana- og samgöngusviði og hennar helstu verkefni verða á sviði jarðtækni.



Elínborg Hauksdóttir

útskrifaðist sem tækniteiknari frá Iðnskólunum í Hafnarfirði. Elínborg hóf störf á Innra þjónustusviði í maí sl.

Hún mun starfa sem tækniteiknari á Byggingasviði.